

8. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndarmálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri mánudaginn 21. desember kl. 17:00.

Mætt eru:

Björn Guðmundur Björnsson formaður, Guðmundur Björnsson, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir og Vikar Vífilsson. Formaður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Uppbyggingarsjóður - Kynning

Gréta Bergrún kom á fundinn og kynnti Uppbyggingarsjóð og að hann ætli að auglýsa í janúar, með umsóknarfrest í febrúar, bæði menningarhlutann og einnig nýsköpunar/atvinnuhlutann. Gréta fór yfir þau verkefni sem eru í gangi.

2. Skipulagsstofnun - Vegvísir

Lagt fram til kynningar.

3. Skipulagsstofnun-Skipulag ferðamála

Lagt fram til kynningar

4. Ferðamál í Langanesbyggð-framtíðarsýn

Liður 1. Stefnumótun ferðamála í Langanesbyggð

Umræður fóru fram. Allar spár ferðamála benda til mikillar aukningar í fjölda ferðamanna á svæðinu og afar mikilvægt að sveitarfélagið móti heildstæða stefnu í ferðamálum.

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að Langanesbyggð hugi að mótun heildstæðrar stefnu ferða mála í Langanesbyggð.

Liður 2. Heiðarfjall – merkingar og skilti.

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sveitarfélagið sækji um styrki svo merkja megi öll hús á Heiðarfjalli og sögu þeirra. Einnig telur nefndin mjög mikilvægt að hið sama verði gert við aðra ómerkta staði í Langanesbyggð.

Liður 3. Skipulagðar, reglubundnar ferðir í Langanesbyggð

Atvinnu- og ferðamálanefnd til að sveitarfélagið hafi forgöngu um að útbúinn verði afþreyingarpakkar fyrir hópa, í samstarfi við ferðaskrifstofur og heimaaðili Einnig leggur nefndin til að sveitarfélagið hafi forgöngu um að skipuleggja hróprútuferðir með afþreyingu til nokkurra daga og stefnan verði að slíkar ferðir verði orðnar reglubundar sumarið 2017.

5. Atvinnumál í Langanesbyggð

Umræður fóru fram.



Langanesbyggð

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sveitarstjórn leiti allra leiða til að kynna svæðið sem hagkvæman kost fyrir fyrirtæki og stofnanir. Atvinnu- og ferðamálanefnd óskar eftir nýrri dagsetningu á atvinnumálaþing sem nefndin lagði til að yrði haldið í september – október 2015 en var ekki haldið.

6. Önnur mál

Nefndin leggur til að að sveitarfélagið kaupi þráðlausan prentara í Þórsver svo nefndir sveitarfélagsins geti prentað út fundargerðir og undirritað þær á staðnum eins og reglur sveitarfélagsins kveða á um.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:00

